



Borgarráð

Aðgengissjóður Reykjavíkur

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi erindi mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar dags. 11. janúar 2021 um stofnun Aðgengissjóðs Reykjavíkur. Tilgangur sjóðsins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík. Fyrst um sinn munu áherslur sjóðsins snúa að verkefnum sem snúa að miðborg Reykjavíkur. Sjóðurinn getur styrkt allt að 80% af hverju verkefni. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt að mörkum til þess að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra í Reykjavík. Kostnaður færist af liðnum ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar um stofnun Aðgengissjóðs Reykjavíkur, dags. 11. janúar 2021
Verklagsreglur vegna aðgengissjóðs, drög
Skipulagsskrá fyrir aðgengissjóðs, drög



Borgarritari

Þorsteinn Gunnarsson

Erindi: Stofnun aðgengissjóðs Reykjavíkur

Þann 29. júlí 2020, var erindi Haraldar Inga Þorleifssonar, um stofnun aðgengissjóðs Reykjavíkur, sent til úrvinnslu mannréttindastjóra.

Erindið barst upphaflega til borgarstjóra þar sem óskað var eftir því að komið yrði á fót aðgengissjóði til að auka aðgengi einstaklinga með hreyfihömlun að verslun og þjónustu í Reykjavík. Í kjölfarið var fundað með Haraldi til að fá svör við þeim spurningum sem upp komu við mótnun verklagsreglna og skipulagsskrár vegna sjóðsins.

Í samtali við Harald kom fram að hann væri tilbúinn til þess að leggja til 5 milljónir kr. til verkefnisins með þeim fyrirvara að Reykjavíkurborg myndi leggja til sama fjármagn á móti. Jafnframt er Haraldur tilbúinn til að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að koma að verkefninu með frekara fjármagni. Einnig er mikilvægt að aðkoma umhverfis- og skipulagssviðs yrði með þeim hætti að tryggt sé að þau verkefni sem hlytu styrk úr sjóðnum yrðu unnin bæði hratt og örugglega. Stofnaður yrði aðgengissjóður Reykjavíkur sem yrði í umsjón Reykjavíkurborgar. Tilgangur sjóðsins væri að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík. Fyrst um sinn myndu áherslur sjóðsins snúa að verkefnum til að auka aðgengi í miðborg Reykjavíkur.

Í framhaldi var boðað til funda með fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, Braga Bergssyni og Hörpu Cilia Ingólfssdóttur og verkefnastjóra aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík. Í framhaldi voru unnar tillögur að verklagsreglum í samvinnu við USK.

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 7. janúar 2021 var verkefnið kynnt og er gert ráð fyrir að fulltrúi nefndarinnar eigi sæti í undirhóp aðgengissjóðs sem metur umsóknir áður en þær verði lagðar fyrir sjóðsstjórn.

Aðgengis- og samráðsnefnd lagði fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks fagnar því að stefnt sé að því að setja á laggirnar aðgengissjóð Reykjavíkurborgar til að hvetja til aukins aðgengis að þjónustu einkaaðila eins og kaffihúsa og verslana. Ramminn í kringum verkefnið lítur vel út og telur nefndin mikilvægt að huga að algildri hönnun í heild sinni við stuðning verkefna. Nefndin leggur til að hún verði formlegur undirbúningshópur sjóðsins, en kveðið er á um slíkan hóp í drögum að verklagsreglum, eða þá að öðrum kosti að nefndin vinni að undirbúningi í miklu samráði við undirbúningshóp. Metnaður hefur verið lagður í að setja saman þennan samráðsvettvang með fulltrúum helstu hagsmunaaðila í málefnum fatlaðs fólks og æskilegt þykir að öll sú þekking sem í nefndinni býr og reynsla notenda skili sér í upplýstri ákvarðanatöku um útteilingu úr aðgengissjóði. Að auki telur nefndin viðeigandi að hún fái að

skipa fulltrúa í stjórnina úr sínum röðum í sæti fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn. Að öðrum kosti vinni hún náið með fulltrúa Reykjavíkurborgar sem undirbúningshópur.

Mannréttindastjóri leggur til að borgarstjóri geri tillögu að stofnun aðgengissjóðs til borgarráðs.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir

Mannréttindastjóri

Hjálagt:

Skipulagsskrá fyrir aðgengissjóð

Verklagsreglur vegna aðgengissjóðs

Drög- Verklagsreglur Reykjavíkurborgar fyrir aðgengissjóð miðborgar

1. Stofna skal netfangið adgengissjodur@reykjavik.is sem vistað verður á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
2. Eyðublað fyrir umsækjendur skal vistað undir vefsíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/styrkir> Umsóknir skulu berast fyrir 10. hvers mánaðar til þess að hægt sé að afgreiða umsóknir innan þess mánaðar sem umsóknir berast. Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu ber ábyrgð á að kalla stjórn sjóðsins til fundar.
3. Reykjavíkurborg skal stofna undirhóp aðgengissjóðs til þess að meta umsóknir áður en þær eru lagðar fyrir sjóðsstjórn. Með umsóknum skal berast umsögn frá undirhóp. Í þeim undirhóp skulu sitja fulltrúar byggingafulltrúa, borgarhönnunar, aðgengis og samráðsnefndar fatlaðs fólks og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Í störfum sínum skal hópurinn leitast við að finna bestu mögulegu leið til að auka aðgengi að þjónustu í miðborginni út frá hverju verkefni fyrir sig. Hafa skal sérstaklega í huga 6. kafla byggingareglugerðar nr. 112/2012, með áorðnum breytingum, sem snýr að markmiðum og algildri hönnun.

6.1.2. gr. Almenn um algilda hönnun.

Með algildri hönnun skal tryggt að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða

6.1.5. gr. Breyting á þegar byggðu mannvirki eða breytt notkun.

Við breytta notkun þegar byggðra mannvirkja sem almennigur hefur aðgang að skal tryggja aðgengi í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Við breytingu á mannvirki sem byggt er í gildistíð eldri byggingarreglugerða skal eftir því sem unnt er byggja á sjónarmiðum algildrar hönnunar.

4. Eftir að umsókn hefur verið afgreidd frá sjóðsstjórn getur hún kallað til umsækjanda og óskað eftir samstarfi að útfærslu á verkefninu. Jafnframt er hægt að óska eftir aðkomu fulltrúa úr undirhópi aðgengissjóðs að þeirri vinnu.
5. Fulltrúar í undirhópi vinna að framkvæmd og eftirliti við verkefnið eftir að útfærslu lýkur.
6. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um utanumhald samninga við styrkþega.

Skipulagsskrá fyrir aðgengissjóð Reykjavíkur

1. gr.

Nafn sjóðsins er aðgengissjóður Reykjavíkur og er stofnaður að frumkvæði Haraldar Þorleifssonar kt. 020877-3089. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er sjóðurinn í umsjón Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík. Fyrst um sinn munu áherslur sjóðsins snúa að verkefnum sem snúa að miðborg Reykjavíkur. Sjóðurinn getur styrkt allt að 80% af hverju verkefni.

Sjóðurinn styrkir aðila til að koma upp römpum eða annars konar lausnum við innganga sína í Reykjavík og tryggja þannig að fólk með hreyfihömlun hafi aðgengi að þeirri þjónustu sem þar stendur til boða. Slíkar lausnir mega þó aldrei verða til þess að hindra aðgengi annarra hópa fatlaðs fólks.

Reykjavíkurborg tryggir að umsóknir hljóti hraða afgreiðslu og að þeim verði svarað innan 30 daga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt að mörkum til þess að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra í miðborg Reykjavíkur. Stofnframlag Haraldar Þorleifssonar til sjóðsins er kr. 5.000.000. Stofnframlag Reykjavíkurborgar til sjóðsins er kr. 5.000.000. Jafnframt getur stjórn sjóðsins boðið öðrum aðilum að leggja fram stofnfé. - Stofnfé skal leggja fram eigi síðar en 1. febrúar 2021 og telst á dagur stofndagur sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana til verkefnisins.

Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að standa að tekjuöflun í nafni sjóðsins og jafnframt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna tekjuöflunar, þ.m.t. auglýsingar.

5. gr.

Heimilt er að verja vaxtatekjum og verðbótum til styrkveitinga og reksturs sjóðsins.

6. gr.

Eina milljón af stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má ekki skerða, en vöxtum, gjöfum, áheimum og öðrum gjöfum sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins sbr. 2. grein.

7. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram annan hvern mánuð ef umsóknir berast fyrir 10. hvers mánaðar, í samræmi við gildandi verklagsreglur sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem aðilum og þrem til vara. Haraldur Þorleifsson tilnefnir einn fulltrúa, Reykjavíkurborg tilnefnir einn fulltrúa og Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, tilnefnir einn fulltrúa. Með sjóðnum starfar starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki úr sjóðnum, styrkveitingar og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Einnig ber að færa í hana tekjur og gjöld sem og ársreikninga sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og aðrir reikningar. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skal leggja árreikninga fyrir borgarráð.

10. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins verður ekki breytt né sjóðurinn lagður niður nema með samþykki a.m.k. tveggja stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar borgarráðs á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt í borgarstjórn xx.xx.2021.

Drögg